

Allar skattskyldar tekjur eru notaðar við útreikning á lífeyri og tengdar greiðslur, svo sem atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur.

Helmingur fjármagnstekna hjóna / sambúðarfólks hefur áhrif á útreikning hjá hvoru fyrir sig. Aðrar tekjur maka en fjármagnstekjur hafa ekki áhrif á útreikning lífeyris.

Tekjur hafa engin áhrif ef valið er að fara á hálfan lífeyri frá TR á móti hálfum lífeyri frá lífeyrissjóðum.

Auðvelt er að setja forsendur inn í reiknivél lífeyris á tr.is til að skoða áhrif tekna á greiðslur.

### Tafla 1. Hvað má hafa í tekjur án þess að það hafi áhrif á útreikning?

Taflan sýnir frítækjumörk árstekna fyrir ellilífeyri og heimilisuppbót

Tegund tekna	kr./ári	Áhrif tekna yfir frítækjumörkum á ellilífeyri	Áhrif tekna yfir frítækjumörkum á heimilisuppbót
Atvinnutekjur	1.200.000	45%	11,90%
Aðrar tekjur s.s. lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur	300.000	45%	11,90%

Aðeins þeir sem fá greiddan lífeyri geta fengið greidda heimilisuppbót og aðrar uppbætur.

Búseta erlendis getur lækkað greiðslur lífeyris og tengdra greiðslna.

### Tafla 2. Helstu upphæðir sem notaðar eru þegar lífeyrir og tengdar greiðslur eru reiknaðar

Réttindi	Upphæðir		Frítækjumörk atvinnutekna		Frítækjumörk annarra tekna		Greiðslur falla niður	
	ár	mán.	ár	mán.	ár	mán.	ár	mán.
Ellilífeyrir	2.873.808	239.484	1.200.000	100.000	300.000	25.000	6.686.240	557.187
Heimilisuppbót	726.192	60.516	1.200.000	100.000	300.000	25.000	6.402.454	533.538
<b>Annað</b>	<b>ár</b>	<b>mán.</b>					<b>ár</b>	<b>mán.</b>
Uppbót á lífeyri* - 5 til 140% af lífeyri							2.827.779	235.648
Uppbót v/reksturs bifreiðar	198.996	16.583						
Ráðstöfunarfé	862.668	71.889			0	0	1.327.182	110.599

\*Uppbót á lífeyri getur verið 5 til 140% af lífeyri.

Allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá TR öðrum en aldurstengdri örorkuuppbót hafa áhrif á útreikning. Uppbætur falla niður ef eignir í peningum og/eða verðbréfum fara yfir 4 milljónir hjá einstaklingi en 8 milljónir hjá hjónum.